

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þessað öðlast gildi 1. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 62
14. júní

Atvinnu og samgöngumálaráðuneytið, 14. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

63
16. júní

fyrir

Vestur-Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI.

Um stjórn fjallskila o. fl.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála hefir sýslunefnd á hendi samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en hreppsnefnd alla umsjón á framkvæmdum þeirra.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum hver í sínum hreppi. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess að farið sé eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI.

Um sauðfjármörk.

3. gr.

Sérhver fjáreigandi skal skyldur að hafa glöggt mark á fé sínu, en aðfengið fé skal því aðeins markað upp, að ekkert aukabæni verði eftir. Enginn má hafa afeyrt sem fjármark.

63

16. júní

4. gr.

Markaskrá fyrir sýslufélagið skal að minnsta kosti prenta 6. hvert ár, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um, að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum, og raða þeim eftir stafrofsröð í greinilega skrá. Skal í því skyni sérhverjum fjáreiganda skylt að skýra hlutaðeigandi hreppsnefnd skriflega frá eyrna- og brennimörkum sínum. Því næst skal sérhver hreppsnefnd senda markaskrá hreppsins til manns þess, er sýslunefnd hefir falið að semja aðalmarkaskrá yfir öll mörk í sýslufélaginu. Heimilt skal að greiða úr sveitasjóðum þóknun fyrir markasöfnun heima í hreppnum.

5. gr.

Sérhver markeigandi greiði hlutaðeigandi hreppsnefnd um leið og hann birtir henni mark sitt til skrásetningar, eftir því sem sýslunefnd í hvert sinn ákveður, fyrir hvert eyrnamark, og jafnmikið fyrir hvert brennimark og rennur það í sýslusjóð, er svo kosti að fullu prentun markaskrárinnar.

6. gr.

Hver sem tekur upp nýtt mark, eða flytur inn í sýslufélagið, og á því eigi mark í hinni gildandi markaskrá sýslunnar, skal þegar í stað tilkynna það bréflega öllum hreppstjórum sýslufélagsins, en þeir annist um, að markið verði innfært á eyðublöð í þeim markaskrá, er hreppstjóri og hreppsnefnd hafa undir höndum, svo og í markaskrár á réttarstöðum.

7. gr.

Enginn má marka kind í lögréttum.

III. KAFLI.

Um sauðfjárrekstur á fjallönd.

8. gr.

Allir fjáreigendur skulu skyldir að reka á fjall að vorinu allt sauðfé sitt, nema kvíaær, á eigið land, ef til er, annars þar sem upprekstrarland er aflögu.

9. gr.

Hreppsnefnd kveður á um, hverjar jarðir í hreppnum hafa upprekstrarland aflögu, og hvað mörgu fé það nægir.

10. gr.

Hreppsþúar ganga fyrir utansveitarmönnum um afnot upprekstrarlands í hreppi sínum.

11. gr.

63
16. júní

Enginn má kefla lömb.

12. gr.

Í upprekstrartoll greiðist 25 aurar fyrir hverja veturgamla kind eða eldri, og 15 aurar fyrir hvert lamb, alls þess fjár, er á fjall er rekið, og skal tollurinn greiddur hlutaðeigandi ábúanda eða landeiganda innan loka októbermánaðar.

IV. KAFLI.

Um fjársmalanir á vorum.

13. gr.

Allir þeir, er jörð hafa til ábúðar eða afnota, svo og þeir, er eiga sex kindur fullorðnar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum.

14. gr.

Hreppsnefnd skal heimilt að skipa fyrir um smölun sauðfjár til rúnings á vorum, bæði í heimalöndum og afréttum. Gangnaskyldir í afréttum eru allir þeir, sem þar nota upprekstur. Hið sama gildir um smölun til fráferna.

15. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefir úr landi eiganda, eða kemur fyrir fjarri eigendum þegar rúningstími yfir stendur eða er afstaðinn, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, er þá finnandi skyldur til, ef honum er unnt, að hirða og rýja kindur þessar, og einnig að marka ómörkuð lömb, ef hann álitur ekki geti ruglingi valdið. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni og greina frá marki, og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúið, eða markað. Í ómakslaun ber finnanda 30 aurar fyrir að rýja kind, og 20 aurar fyrir að marka lamb.

V. KAFLI.

Um fjallskil á haustum, réttarhöld o. fl.

16. gr.

Drennar skulu vera fjallleitir á hausti í öllum hreppum sýslufélagsins. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal samdægurs rétta í öllum réttum, þar sem því verður við komið. Skilaréttir skulu vera á á þeim stöðum er hér segir:

63
16. júní

Brjánslæk,	og skal rétta þar miðvikudag næstan eftir 1. leitir
Skógi,	— — — — mánudaginn samdægurs
Geirseymi,	— — — — — —
Norður-Botni,	— — — — — —
Austmannsdal,	— — — — þriðjudaginn næstan eftir 1. leitir
Dufansdal,	— — — — mánudaginn samdægurs.

Annar leitardagur skal vera mánudagur næsti á eftir fyrsta leitardag, og skal þá rétta samdægurs í öllum réttum nema Brjánslækjarrétt, þar skal rétta á þriðjudag.

Þriðji og síðasti leitardagur skal vera miðvikudag í 25. viku sumars og skal þá rétta samdægurs í öllum réttum ef því verður við komið.

17. gr.

Hver sem býr á jörð, eða jarðarhluta, sem metin er til dýrleika, og hver sá, sem alið hefir að minnsta kosti 6 kindur síðastliðinn vetur, og hver utan-hreppsmaður, sem notar upprekstrarland í hreppnum fyrir sauðfé, skal skyldur að gera fjallskil og sækja fé í réttir utanhrepps sem innan, eftir því sem hreppsnefndin í hvert skipti nákvæmar skipar fyrir um í fjallskilaseðlinum. Umráðamenn upprekstrarlands tilkynna hreppsnefndinni tölu upprekstrar-fjár og eigendur þess, svo að hún geti jafnað niður fjallskilum í hverri réttar-sókn tiltölulega á utanhreppsmenn sem hreppsþúa.

Niðurjöfnun þessari skal hreppsnefnd hafa lokið hálfum mánuði fyrir fyrstu leit, og skal við niðurjöfnunina fara eftir skýrslu forðagæzlumanna hvað fjártölu snertir, en að öðru leyfi eftir viðáttu landrýmis ábúanda. Þykist einhver verða hart úti í ráðstöfun hreppsnefndar, getur hann borið sig upp fyrir henni, og fært ástæður fyrir málstað sínum, ekki síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta leitardag, og skal þá hreppsnefnd skyld að taka umkvartanir hans til athugunar og leggja fullnaðarúrskurð á málið. Skylt skal húsbónda hverjum að annast fjallskil fyrir allt það sauðfé, sem hann hefir alið síðastliðinn vetur.

18. gr.

Nú er enginn ábúandi á jörð og enginn hefir haft upprekstur í landi jarð-arinnar, og skal þá landeiganda skylt að inna fjallskilin af hendi.

19. gr.

Enginn er undanþeginn almennri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi sleppt sauðfé sínu í heimalönd en ekki í afrétt.

20. gr.

Ef einhver hefir ekki sjálfur nægilegan mannafla til fjallskila, samkvæmt fyrirráðum hreppsnefndar, skal honum skylt að gera henni aðvart um það, með 5 daga fyrirvara, og skal henni skylt, ef mögulegt er, að útvega menn á hans kostnað til að inna fjallskilin af hendi.

21. gr.

Nú alheimtir einhver fjáreigandi allt fé sitt í fyrstu leit, og skal hann þrátt fyrir það gera fjallskil alla hina ákveðnu fjallskiladaga, eftir því sem hreppsnefnd hefir fyrirskipað. 16. júní

63

22. gr.

Hreppsnefndir skulu í fjallskilaseðlinum taka skýrt og greinilega fram, hvernig leitum skuli hagað, skal, þar sem því verður við komið, leit byrjuð á öðrum eða báðum endum leitarsvæðisins.

23. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal í fjallskilaseðlinum kveðja svo marga menn, sem henni þykir nauðsynlegt, til að vera leitarforingja, skulu þeir stýra göngum leitarmanna bæði í heimalöndum og afréttum á leitarsvæði því, sem þeim er falið, og skipa þeir svo fyrir, að allt fé annað en kvíaær komi einu sinni til réttar (sbr. þó 24. gr.). Þeir tilkynna hreppsnefnd, ef einhver vanrækir að gera fyrirskipuð fjallskil eða óhlýðnast fyrirskipunum þeirra, eða hefir sent óliðgengan mann í leitirnar. Þeir skulu annast um að allt fari vel og skipulega, er að fjallgöngum lýtur, sér í lagi hvað meðferð á fjallfé snertir. Óhlýðni við leitarforingja varðar sektum. Sektum varðar og ef leitarforingi vanrækir stöðu sína, eða misbeitir henni. Sömuleiðis skal hreppsnefnd skipa einn eða tvo réttarstjóra við hverja lögrétt, eftir því sem hún álitur með þurfa, hið sama gildir um stöðu þeirra sem leitarstjóra. Enginn er skyldur að vera réttarstjóri nema eitt ár í senn.

VI. KAFLI.

Um lögréttir og meðferð á óskilafé.

24. gr.

Lögréttir skulu vera í hverjum hreppi svo sem hér segir:

Í Barðastrandarhreppi, á Fossá, Brjánslæk, Hamri, Haga, Haukabergi og Hreggstöðum.

Í Rauðasandshreppi, í Vestur-Botni, Skógi, Breiðavík og Hnjóti.

Í Patrekshreppi, á Geirseyri.

Í Tálknafjarðarhreppi, í Norður-Botni, Sveinseyri, Kvígindisfelli og Suðureyri.

Í Dalahreppi, í Austmannsdal og Húsum í Selárdal.

Í Suðurfjarðahreppi, á Litlueyri, Dufansdal, Reykjarfirði, Trostansfirði, Langa-Botni og Steinanesi.

Skilaréttir eru eins og segir í 16. gr. — Eftir tillögum meiri hluta fjáreigenda í hreppnum, og með samþykki sýslunefndar má hreppsnefnd gera breytingar á réttarstöðum og réttarsóknum. Ennfremur hefir hreppsnefnd

63 heimild til að leyfa einstöku bæjum úrdrátt á fé sínu. Setur hreppsnefnd regl-
16. júní ur fyrir úrdrættinum, er þá að öðru leyti ekki í bága við reglugerð þessa.

25. gr.

Valdi bygging lögréttar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafizt, koma fullt endurgjald af sveitarsjóði hlutaðeigandi hrepps, eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður nefnir til.

26. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að veita hlutaðeigandi réttarbændum allt að kr. 20.00 þóknun af sveitarsjóði hreppsins vegna átroðnings við réttahöld.

27. gr.

Hreppsnefndin skal sjá um, að lögréttir hreppsins séu í gildu og fjárheldu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir, að engu þurfi út að hleypa fyrir en fjárdrætti er lokið. Bæði innan- og untanhreppsmenn skulu í þeim lögréttum, þar sem þeir eiga von á töluverðum fénaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka, eftir nákvæmari ákvæðum hlutaðeigandi hreppsnefndar, og getur hún jafnað niður kostnaði við byggingu eða aðgerð lögréttar, eftir fjáreign þeirra, er þangað eiga rétt að sækja.

Þó skal heimilt ef um minni aðgerðir eða viðhald er að ræða, að kostnaður sá greiðist úr sveitarsjóði.

28. gr.

Réttarstjórar, sem hreppsnefndin hefir skipað í fjallskilaseðlunum, skulu ávallt vera staddir við réttarhöld, til þess að hafa umsjón með, að allt fari vel og skipulega fram, og skulu þeir hlífðarlaust kæra fyrir hreppsnefndinni hvern þann, sem óhlýðnast fyrirskipunum þeirra. Sér í lagi skulu þeir annast um, að áreiðanlegir menn gæti þess vandlega, áður en út er hleypt úr hverjum dilk, að þar sé engin misdregin kind, og síðan skulu þeir sjá um, að að hreppsfé, er heima á utan réttarsóknarinnar, sé rekið bæ frá bæ á heimili eiganda, skulu allir hreppsbúar, sem gera eiga fjallskil skyldir að reka endurgjaldslaust fé manna um hreppinn, frá lögrétt að heimkynni, úr öllum göngum. Sá sem veldur því, að rekstur er tafinn að óþörfu, eða að heimt fé týnist úr rekstri, eða mætir illri meðferð, sæti sektum, nema þyngri hegning liggja við. Hreppsnefnd getur ákveðið, að maður sé sendur úr réttarsókn í næstu rétt innan hrepps til þess að hafa eftirlit með drætti og rekstri á fé því, sem þar kann að vera úr hlutaðeigandi réttarsókn, og skal starf þetta teljast með fjallskilum.

29. gr.

Réttarstjórar skulu annast um að allir ómerkingar séu dregnir í einn dilk, jafnóðum og þeir finnast, og skal leitast við, áður en réttarhaldinu er lokið, að láta lambsmæður helga sér dilka sína. Ómerkingar, markkalið og

mýétið fé, sem enginn getur helgað sér, sé selt af hreppsstjóra eða umboðsmanni hans við uppboð á réttinni, nema honum virðist réttara að fresta söluinni. Andvirði þess rennur í sveitarsjóð. Enginn má marka ómerking marki sínu um eða eftir leitir, nema hann leiði valinkunna menn, sem votta að því, að hann eða þeir séu hans eign.

63
16. júní

30. gr.

Úrtíningur úr fyrstu og annari rétt, skal vandlega geymdur til miðvikudags í 23. viku sumars hjá þeim búanda, sem hreppsnefndin ákveður, gegn 12 aura borgun fyrir hverja sauðkind um sólarhringinn. Eigendum fjárins er skylt að greiða geymslulaunin við afhendingu þess. Sannist það, að fjárgeymslumaðurinn hafi haft ótilhlýðilega meðferð á fénu, hefir hann fyrirgert tilkalli til geymslulaunanna, og bakað sér sektir samkvæmt 42. gr. í reglugerð þessari.

31. gr.

Miðvikudaginn í 23. viku sumars, skal hreppsnefndin, eða umboðsmaður hennar semja nákvæma lýsingu á eyrna- og brennimarki, og öðrum einkennum þeirra kinda, sem eigendur hafa þá eigi leitt sig að, og svo fljótt sem unnt er, birta lýsingarseðla þessa í nærliggjandi hreppum og kauptúnum, en úrtíningsféð skal afhent fjárgeymslumanni þeim, er hreppsnefndin hefir kosið. Það úrtíningsfé úr 1. og 2. leitum, sem enginn hefir helgað sér, sem og það úrtíningsfé, sem fyrirkemur úr 3. leit, skal selt við opinbert uppboð af hreppsstjóra sveitarinnar, eða umboðsmanni hans, á réttinni í 3. leit.

32. gr.

Nú koma utanhrepps kindur fyrir í einhverjum hreppi, að afstöðnum öðrum göngum, og þekkja menn eigendur að þeim, skulu þær þá á kostnað eiganda geymdar í vörzlum hreppsnefndarinnar, sem annast um, að eigendum verði við fyrsta tækifæri gert viðvart um það. Hafi eigendur eigi leitt sig að kindum þessum innan hálfis mánaðar, skal selja þær við opinbert uppboð, sem áður sé auglýst almenningi í hreppnum.

33. gr.

Kindur þær sem koma fyrir, að afstöðnum síðustu göngum, og engin þekkir eigendur að, skulu seldar við opinbert uppboð, sem sé birt á löglegan hátt í hreppnum og nágrennasveitum, með hæfilegum fyrirvara.

34. gr.

Nú hefir veðráttu eða önnur forföll orðið þess valdandi, að leitir hafa misheppnast, svo sýnilegt er, að dómi sveitastjórnar eða annara manna í hreppnum, að tjón geti af hlotizt, skal þá hreppsnefnd skylt að gera ráðstafanir til þess að úr þessu verði bætt, annaðhvort með því að fyrirskipa nýja leit, eða á þann hátt, sem hún telur fullnægjandi.

63

16. júní

35. gr.
Eftir að fjalleitir byrja, skal óheimilt að sleppa upp utanhreppsfé. Sama gildir um það fé, sem á heima innan hrepps og vart verður við í fé manna, nema þar sem svo hagar til, að fé gengur saman. Það fé, sem fyrir kemur og á heima innan hrepps, en á öðrum bæjum en sem svo hagar til að fé gengur saman, skal annaðhvort rekið tafarlaust bæ frá bæ, til eiganda, eða honum strax gert aðvart um það, hvorttveggja honum að kostnaðarlausu.

36. gr.

Fyrir nóvembermánaðarlok skal hver hreppstjóri senda oddvita sýslunefndar skýrslu um allt vafafé, er selt hefir verið í hreppi hans, og greiði auglýsingargjald eftir reikningi. Oddviti sýslunefndar skal svo sjá um, að skýrsla um vafaféð sé birt í blaði því, er flytur opinberar auglýsingar.

37. gr.

Fram að 1. október næsta ár eftir geta menn sannað eignarrétt sinn að andvirði vafafjár, að frádregnum kostnaði. Sanni enginn eignarrétt sinn, rennur andvirðið í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

38. gr.

Nú fer einhver í eftirleit ótilkvaddur af sveitarstjórn, að liðinni síðustu leit, og finnur fé á fjalli eða afrétt, skal hann þá fá fundarlaun $\frac{1}{10}$ — $\frac{1}{4}$ af verði kindanna, eftir mati sveitarstjórnar þeirrar sveitar, þar sem féð finnst. Féð er að veði fyrir fundarlauninum. Fyrir fé, sem fyrir kemur í smalamennsku, eða kemur í fé manna, á hvaða tíma sem er, skal engra fundarlauna vera hægt að krefjast.

VII. KAFLI.

Ýmisleg ákvæði.

39. gr.

Áliti hreppsnefnd í einhverjum hreppi nauðsyn á, að senda á hausti í næstu sýslur til að leita eftir fé manna, er henni heimilt að kveðja menn til fararinnar. Kostnaðurinn við sendiförina greiðist úr sveitarsjóði, að svo miklu leyti, sem $\frac{1}{4}$ af andvirði hins fundna fjár, eftir mati tveggja óvilhallra manna, hrekkur ekki fyrir kostnaðinum.

40. gr.

Verði einhver þess var, að fé sé í sveltum eða komið í aðrar ófærur, skal honum skylt á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, að því sé bjargað, ef unnt er, að öðrum kosti gera hreppsnefnd aðvart, svo framarlega sem hann ekki

getur gert eiganda aðvart. Nú hrekkur ekki andvirði hins bjargaða fyrir **63** kostnaði, skal þá það er til vantar greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. 16. júní Sama er og ef björgun reynist árangurslaus.

41. gr.

Enginn má láta óskeytta hrúta ganga úti á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl. Ef vanræksla veldur að skaði verður að, sé eigandi hrútsins skyldur að svara fullum skaðabótum, ef krafizt er.

VIII. KAFLI.

Almenn ákvæði.

42. gr.

Öll brot gegn reglugerð þessari skulu kærð fyrir hlutaðeigandi sýslumanni og varða þau 5—500 kr. sektum, eftir stærð og eðli brotanna, nema því aðeins, að þyngri hegning liggji við lögum samkvæmt. Sektirnar renna að hálfu til uppljóstrarmanns, og að hálfu í sjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Verði ágreiningur um í hvaða hreppi brotið er framið, skal sektin falla til þess eða þeirra hreppa, þar sem hinir seku eiga heimili, að tiltölu rétttri. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögumál.

43. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 21. 22. marz 1922, nema annar kafli hennar sem og önnur ákvæði, er koma í bág við reglugerðina.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefir sam- ið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.